



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Þjárfestir og stjórnarformaður Straums

Þarf stöðugan og traustan gjaldmiðil

1. Er krónan svo veikur gjaldmiðill að hún sé orsök þess að Ísland er orðið fórnarlamb alþjóðlegs fjármálasamsæris og að nokkrir erlendir vogunarsjóðir geti haft örlög íslenska bankakerfisins í hendi sér?

Krónan er smæsti sjálfstæði gjaldmiðill veraldar. Erlendir gjaldeyrisspákaupmenn ráða yfir um 800 milljörðum króna sem er nærri 75% af þjóðarframleiðslunni. Ljóst er að skyndilegar aðgerðir þeirra geta haft veruleg og varanleg áhrif á íslenskan efnahag og íslenskt bankakerfi.

2. Ef Ísland er orðið fórnarlamb fjármálasamsæris, ýtir það þá ekki undir þá kröfu að þjóðin skipti um gjaldmiðil hið fyrsta og gangi jafnvel í Evrópusambandið?

Fyrirtæki og einstaklingar þurfa stöðugan og traustan gjaldmiðil sem dregur úr sveiflum í efnahagslegu umhverfi en magnar þær ekki. Stöðugleiki er forsenda þess að viðskipta-, framkvæmda- og greiðsluáætlanir fyrirtækja standist og er forsenda þess að eðlilegt og fjölbreytt atvinnulíf fái þrífist.

Mestu skiptir að erlendir aðilar skynji að vðvarandi lausa-fjárkreppa muni ekki skaða íslenska banka umfram aðra banka.

Samneining banka á Íslandi hefur lítil áhrif á lausafjár-
kreppuna. Þetta snýst ekki um eigið fé banka heldur laust fé, og samneining breytir lítilu í þeim efnum.

Það þarf að auðvelda aðgang að erlendu lánsté og hefja undirbúning að upptöku stærktar alþjóðlegrar mynjar á Íslandi.

árum og vitundin um land og þjóð aukist jafnt og þétt og má segja að öll umfjöllun um Ísland í erlendu n fjölmöldum sé langt umfram eðlileg stærðarhlutföll. Viðskiptaumfjöllunin endurspeglar það.

3. Hversu stór þáttur er krónan í því vantrausti sem erlendir lánveitendur hafa á landinu um þessar myndir? Erlendir bankar og erlendir fjárfestar treysta þessu gjaldmáli um sem eru stöðugir og þeir þekja vel.

4. Hversu mikið er til í þeirri fullryðingu að krónan komi í veg fyrir að erlendir bankar vilji sameinast íslenskum bönkum – og að hún sé í raun orðinn heimill og viðbótaráhætta sem erlendir bankar séu ekki tilbúnir til að taka?

Ein af ástæðum þess að erlendir fjárfestar hafa litið til sín taka í Kauphöll Íslands þrátt fyrir góða ávöxtun allt fram á síðasta ár er sú viðbótaráhætta sem þeir hafa þurft að taka á gjaldmáli sem er veikur, hitill og fáir þekja.

5. Hafa erlendir lánastofnanir tapað svo mikið sem einni krónu á viðskiptum við íslenskar lánastofnanir síðustu tuttugu árin? Eg er ekki í aðstöðu til að meta það.

6. Hversu sterkir eru íslensku bankarnir?

a. Eiginfjárfestadan?
b. Lausafjárstadan?
c. Þörfvort fjármálaeftirlitsins?
d. Einkunnir erlendra matsfyrirtækja?
Vandi íslenskra banka er lausafjárvari. Aðrir þættir í starfi þeirra eru fullkomlega sambærilegir við sem nú gerist hjá virtustu og bestu bönkum heims.

7. Hvað er helst að óttast í íslensku fjármálalífi?

Það er kreppa. Lítið er um fjármagn til fjárfestinga og flestir sem gera fjárfestir haldast á höndum. Nú skiptir máli að menn passi vel upp á eigin sínar og reyni að fá sem mest úr úr þeim án þess að auka áhættu. Nú duga ekki skyndilausnir og þá er heldur ekki hægt að fresta eftir.

8. Hvað veidur hinum ótrúlega áhuga erlendra fjölmöla og banka á örninu Íslandi?

Margar fjárfestingar íslendinga erlendis hafa verið í fyrirtækjum sem eru þekkt og eru áberandi eins og smásöluvyriræki, smáfyrirtæki og matvæla-fyrirtæki og eru mikið til umfjöllunar í fjölmöldum. Þá hefur Ísland og Reykjavík orðið æ vinsælli áfangastaður á undanföllum

lánveitendur róist?

Aðgerðir sem auka tiltiti á íslenska efnahags- og fjármálakerfið. Mestu skiptir að erlendir aðilar skynji að viðvarandi lausafjárkreppa muni ekki skaða íslenska banka umfram aðra banka.

10. Hversu mikillægar eru yfirfyrirgengar Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um að ríkið muni koma íslensku löngjafargar til aðstoðar, t.d. með kaupum á skuldabréfum?

Yfirfyrirgengar eru góðra gjalda verðar en það eru aðgerðir sem skipta máli.

Vandi íslenskra banka er lausafjárvari. Aðrir þættir í starfi þeirra eru fullkomlega sambærilegir við sem nú gerist hjá virtustu og bestu bönkum heims.

11. Á sú gagnrýni rétt á sér að bankarnir hafi sjálfir, með störfleiddum kaupum á erlendum gjaldeyri til að verja eiginfjárfstöðu sína gagnvart veikingu krónunnar, í raun tekið stöðu gegn krönnu og stuðlað þannig að veikingu hennar?

Nei. Hún á ekki rétt á sér. Bankarnir hafa í áttar- aðir þeir aðferðum virkar áhættustýringar sem eru fullkomlega viðkenndar og eðlilegar. Í raun hefi verið betra ef fleiri hefðu þetta sambærilegum aðferðum til að fyrirbyggja aföll vegna hraðra breytinga á gengi krónunnar. Ef bankarnir hefðu ekki þetta virki áhættustýringu er hætt við að fjármálakerfið væri nú komið í þrot.

12. Hvernig er best að styðja og breikka bakland íslenska bankakerfisins?

Auka aðgangi bankanna að erlendu lánsté. Rætt hefur verið um að Seðlabanki Íslands sé lánveitandi til þrautararara. Miðað við núverandi aðstöðu er ljóst að hann stendur ekki undir því enda er bankakerfið að svo störu leyni í öðrum mynnum en Seðlabanki Íslands hefur yfir að ráða. Ríkið þarf því að koma að máli.

13. Hversu sterkt er bakland íslensku bankanna í rauninni til að takast á við vandann?

Ríkissjóður er skuldlaus, lífeyrissjóðir eru sterkir og eignir bankanna eru miklar og öruggar. Baklandið er sterkt en það dregur ekki úr alvöru þess ástands sem ríkir og að veruleg verðmæti eru í húfi ef mönnum verða mislagðar hendur.

14. Bandaríski fjárfestingarbankinn Merill Lynch leggur til að íslenska ríkið kaupi hluta af skuldabréfum bankanna, sem nú eru á eftirmarkaði, til að slá á móðursýkina. Ertu sammála þessu mati bankans?

Þessi leið kemur vafalaust til álita eins og ýmsar aðrar.

15. Merrill Lynch telur einnig að vandamál íslensku bankanna liggi í fjármagnsflæði og segir markaðinn hafa áhyggjur af því að viðskiptavinir taki út innlán sín í stórum stíl á næstunni?

Hvaða viðskiptavinir. Erlendir? Innlendir? Hvað gera innlendir viðskiptavinir við innlán sín?

16. Hver er helsti ávinningurinn undir þessum kringumstæðum af samstarfi Seðlabanka Íslands við seðlabankana á hinum Norðurlöndunum?

Ég þekki ekki til samstarfs seðlabanka og er ekki rétti maðurinn til að svara þessari spurningu.

17. Heildareignir bankanna voru í árslok um 12.000 milljarðar króna sem er um tíföld landsframleiðsla Íslendinga. Eignir bankanna eru um 20 sinnum meiri en það sem íslenska ríkið veltir. Er ríkið skv. þessu í stakk búíð til að koma til aðstoðar?

Eftir því sem ég kemst næst hefur ekki mikið gengið á þessar eignir bankanna og því er spurningin um aðkomu ríkis í því samhengi tilgangslaus.

18. Um 100 milljarðar króna í erlendum lánum gjaldfalla í hverjum mánuði en gjaldeyrisforðinn er aðeins um 200 milljarðar. Hversu stór þyrfti gjaldeyrisforðinn helst að vera – svo að vel ætti að vera?

Það getur verið erfitt að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Heppilegast hefði verið að stækka hann þegar allt lék í lyndi. Ég

heyrði fræðimann fara ágæt rök fyrir því að hann mætti vera 600 – 800 milljarðar króna. Ég veit ekki meira en hann.

19. Ert þú sammála því að skuldlaus ríkissjóður taki lán til að auka gjaldeyrisforðann og styrki lausafjárstöðu bankanna í erlendri mynt?

Breska ríkisstjórnin er með skuldir sem nema 40% af þjóðarframleiðslu en íslenski ríkissjóðurinn er skuldlaus. Þetta er ein hugmynda sem nefndar hafa verið og koma vel til greina.

20. Eftir að skrúfað var nánast fyrir aðgengi bankanna að ódýru lánsfé erlendis blasir vandi bankanna m.a. við í því að það er skortur á lausafé í erlendri mynt. Þýðir þetta ekki að útrásin sé stopp í bili hjá bönkunum og íslenskum fyrirtækjum?

Það hægir verulega á, en hvort allt verði stopp er annað mál.

21. Eftir að aðgangur erlendis að ódýru lánsfé minnkaði svo snarlega er erfitt að selja eignir bæði hér heima og erlendis. Hversu mikil áhrif hefur það eitt og sér á stöðu íslenska bankakerfisins að seljanleiki eigna hefur snarminnkað?

Það hefur veruleg áhrif. Það er engin spurning. Þeir sem verða fyrir mestum áhrifum af seljanleika eru þó spákaupmenn og fjárfestingabankar, frekar en útlánabankar eins og kalla má hina íslensku fjármálastofnanir.

22. Hversu mikilvægt er það gagnvart erlendum lánveitendum að sameina íslenskar lánastofnanir undir þessum kringumstæðum? Hver yrði helsti ávinningurinn af því að sameina banka núna?

Sameining banka á Íslandi hefur lítil áhrif á lausafjárrættuna. Sameining banka nú mun hafa lítil áhrif á þann vanda sem íslenskir banka eiga við að etja nú um stundir. Þetta snýst ekki um eigið fé banka heldur laust fé, og sameining breytir litlu í þeim efnum.

23. Ef þú ættir að gefa ríkisvaldinu og Seðlabanka Íslands eitt gott ráð í þeirri glímu sem núna er háð, hvert yrði það ráð?

Breytinga er þörf, það dugur ekki að notast við sömu aðferðir og áður. Það þarf að auðvelda aðgang að erlendu lánsfé og hefja undirbúning að upptöku sterkrar alþjóðlegrar myntar á Íslandi. 



101 SKUGGAHVERFI
Alþjóðleg hönnun
glæsilegar íbúðir

Nánari upplýsingar á www.101skuggi.is